

Ed.

352. Nefndarátt

um frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta ásamt uppdráttum og áætlunum viðvikjandi hinum fyrirhuguðu umbótum á höfninni í Vestmannaeyjum, þar eð framkvæmdir þær, sem frv. á við, eru fyrsti þátturinn af fullkominni dýpkun og öðrum umbótum á höfninni.

Að athuguðum málavöxtum virðist nefndinni hinar fyrirhuguðu umbætur nauðsynlegar, en með tilliti til fjárhags rikissjóðs álitur meiri hluti nefndarinnar, að tillag rikissjóðs til þessara mannvirkja verði að miðast við $\frac{1}{2}$ hluta kostnaðar, í stað þess, er frv. fer fram á.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr.

- a. Í stað » $\frac{1}{2}$ kostnaðar, alt að 100 þúsund krónur« komi: $\frac{1}{3}$ kostnaðar, alt að 70 þúsund krónur.
- b. Í stað »jafnmiklu fjárframlagi« komi: tvöföldu fjárframlagi.

Alþingi, 8. apríl 1927.

Björn Kristjánsson,
form.

Jón Baldvinsson.

Jóhann P. Jósefsson,
fundaskr. og frsm.

Jónas Kristjánsson.

Jónas Jónsson,
með fyrirvara.